

## Fundargerð háskólaráðs 4. október 2017

### Guðmundarstofa kl. 16.00

Málsnúmer: 1401008

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir fulltrúi starfsmanna, Einar Svansson fulltrúi kennara (Skype), Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema, Teitur Erlingsson fulltrúi grunnema, Jóhannes Geir Guðnason fulltrúi grunnema, Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema og Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi háskólagáttar.

#### Fjarverandi:

**Áheyrnarfulltrúar:** Ingólfur Arnarsson áheyrnarfulltrúi íbúaráðs og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

#### Dagskrá:

Áður en formleg dagskrá hófst bauð rektor nýja fulltrúa í ráðinu velkomna.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

#### 2. Fjármál

Fjármálastjóri fer yfir stöðuna í fjármálum skólans og kynnir 8 mánaða uppgjör í samanburði við áætlun fyrir yfirstandandi ár. Betri staða en verið hefur undanfarin ár á þessum tíma. Undirbúningur er hafinn vegna rekstraráætlunar 2018. Vonast er til að skólinn fái það framlag frá ríkinu sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu, en óljóst er hvenær það verður afgreitt vegna Alþingiskosninga sem eru framundan. Launakostnaður nú sem fyrr um 70% af kostnaði í rekstri skólans. Á þessu stigi er ekki grundvöllur til að fara ítarlega yfir spá vegna næsta árs. Rektor ræðir um mögulegar launahækkningar á næsta ári og mögulega breytingu á skólagjöldum í grunnnámi þar sem m.a. verði tekið mið af skólagjöldum annarra skóla. Hann kynnir útreikninga vegna mögulegrar lækkunar skólagjalda í grunnnámi, m.v. nemendafjöldatölur og spá þar að lútandi á næstu 2 – 3 árum.

#### 3. Eignasala

Fjármálastjóri kynnir stöðu mála vegna eignasölu (Sjónarhóll og íbúðahæðir Hamragarða) en tilboðsgjafar hafa nú frest til 13. okt. nk. til að sýna fram á fjármögnun. Ljóst er að þeir hafa mikinn áhuga á að kaupa fyrstu hæð Hamragarða. Málið er ennþá í ferli og ekki liggur fyrir hvernig eða hvenær þessum viðræðum lýkur.

#### 4. Stefnumótunarfundur 21. október nk.

Rektor minnir á fundinn, vonast eftir að allir háskólaráðsmenn taki þátt. Dagskrá var send út í gær, fundurinn mun standa frá kl. 10.00 – 16.00. Skipulagið miðast við virkni allra, unnið verður með sjö lykilsurningar sem þátttakendur fá sendar fyrir fundinn. Í dagskránni er gert ráð fyrir 7 mín. innleggi frá aðstandendum skólans, þ.m.t. frá háskólaráði. Rektor óskar eftir

að fulltrúar nemenda í ráðinu komi sér saman um fulltrúa til að flytja þetta innlegg á stefnumótunarfundinum. Nafn þarf að liggja fyrir í lok vikunnar. Samþykkt.  
Eftir fundinn verður niðurstaðan nýtt í stefnuskjal skólans sem stjórnin afgreiðir í lok nóvember.

**5. Lokun búðar – notkun húsnæðis**

Rektor kynnir að búðinni verður lokað í byrjun næstu viku, en rektorinn hefur alls ekki staðið undir sér. Nemendur munu sjá um rektor sjöppu í húsnæði þar sem búðin er núna. Þar verði einnig innréttað vinnurými fyrir nemendur sem einnig væri mögulegt að nota til kennslu t.d. á vinnuhelgum. Búíð er að teikna hugsanlegt skipulag húsnæðisins en kanna þarf kostnað vegna innréttinga og húsgagna. Ákvörðun verður væntanlega tekin í þessum mánuði um skipulagið og húsgögnin.

**6. Fagháskólanám**

Rektor segir frá viðræðum við VR o.fl. vegna fagháskólanáms í verslunarstjórnun. Þetta nám gæti verið hluti af viðskiptafræðinámi, en námið gæti mögulega farið í gang um áramótin. Þetta er í samvinnu við HR sem myndi sjá um staðnámið, en við myndum sjá um fjarnámið. Sömuleiðis er verið að vinna að námi í opinberri stjórnsýslu í samvinnu við starfsmenntasjóð, sem er einnig fagháskólanám, en þetta nám væri hægt að taka með vinnu. Tiltekinn fjöldi námskeiða sem væru búin til vegna þessa, en önnur námskeið eru námskeið sem eru til nú þegar hjá okkur. Sigrún Lilja heldur utanum þessa vinnu, hugsanlegt er að þetta nám hefjist um áramótin.

**7. Þjónustusamningur við ráðuneytið**

Óljóst vegna ástands í stjórnsmálunum hvernig viðræðum um endurnýjun þjónustusamningsins mun miða.

**8. Upptaka Uglu**

Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu segir frá því að verið sé að kanna möguleika á upptöku Uglu að fengnu samþykki stjórnar þar að lútandi. Kerfið er notað í opinberu háskólunum, er á íslensku og þróað fyrir íslenskt háskólasamfélag og hefur tengingar m.a. við LÍN og Innu. Unnið er að þarfagreiningu vegna þessa.

**9. Vinnuhópar um missó og ritgerðir – eftirfylgni**

Tveir vinnuhópar eru að störfum annars vegar um misserisverkefni og hins vegar um ritgerðir og kennslu. Hvor hópur um sig hefur hist einu sinni.

**10. Önnur mál**

a) Rætt um stefnu skólans gagnvart staðnámi.

Fundi slitið kl. 17.00.

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu